

kynnum manna. Og frá tyrstu dögum þess, alt til þessa dags er áframhald *upprávið*, til fullkomnumnar, vaxardi skynjum, hríssamari þekking, samþýðanlegri *siðfræðislög* hinum eilífu allsherjarlögum, unz guðslög náttúrunnar verða á endanum síðalögumál mannanna.

*

*

Margur segir, þessi regla sem trúaratriði eða sem lífsskoðun, framför mannsins áfram og uppávið að eiífu, er mikið góð, en hvað er til leiðbeiningar, hvað er til að átta sig á, fyrst tímans raddir eru margar og ótal margar falskar? Það getur verið satt að oft sé vant um ráð og ervitt að átta sig, en þó er það meira sprottið af því að hugsun mannsins er tóm, sannferingin í eyði og tóm, en af því að ekkert sé til að átta sig á. Hafa ekki allir, er nokkurt hugskot eiga, meðvitund um rétt og rangt? Segir það ekki til? Hvað er öðrum mönnum fengið til þess að stjórna gjörðum sínum eftir annað en það, og því þá ekki oss einnig hið sama? Hvaða leiðbeiningu aðra hlaut Kant, Napoleon, Darwin, heimspekingurinn, þjóðhöfðinginn, vísindamaðurinn? Alls enga. Það er allra manna efsti dómistóll að ráðfæra sig við um hvert kall tímans sé hið sanna. Og svo er annað er einnig má hjálpa til úrskurðar. Allir eiga einhverja hugsjón um það sem er alfullkomið, fagurt, satt og gott. Í flestum tilfellum köllum vér þá hugsjón guð. Sumir vilja ekki kalla hana það, en þeir hafa ekki getað fundið henni nafn ennþá. Berum gildi þess er oss er ráðfátt með saman við þá hugsjón. Það skýrir það, og það hefir ætíð skýrt vandamál mannanna ánni tíð. Hugsjón þín um hið alfullkomna, sanna og góða, hlýtur ætíð að sundurskilja með öllum atvikum æfinaðar, sem réttum eða röngum, benda á það aðra meðal þess óæðra, það háa hjá því lága, það nytsama meðal þess ónytsama, það góða meðal þess vonda. Oss ætti því ekki að vera ráðfátt í því efni.

Nokkrir segja oss að áframhaldið sé ómögulegt án trúar, trúarinnar er flytur fjöll. Sú trú, kæru vinir, er nú farin að verða nokkuð á annan veg en menn skildu hana til forna. Fjöllin hreyfast ekki nú á dögum, kljúfast ekki í sundur, með því að hrópa „Efata“. Trúin sem flytur nú, er þekkingin er